

# Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

02. tbl. • Febrúar 2004

## Útboðsþing 2004: Verklegar framkvæmdir fyrir um 54 milljarða króna


Á annað hundrað gestir sóttu árlegt Útboðsþing Samtaka iðnað-arins og Félags vinnuvélaeigenda sem haldið var föstudaginn 30. janúar á Hótel Loftleiðum. Þar var kynnt yfirlit yfir öll helstu útboð verklegra framkvæmda á vegum ríkisins, Reykjavíkur- borgar og Kópavogs á þessu ári. Ætla má að alls verði boðin út verkefni fyrir tæpa 54 milljarða á vegum þessara aðila á árinu.

Fundarstjóri var Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI. Hann sagði í ávarpi sínu að tilgangurinn með Útboðsþingi væri að fá yfirlit yfir helstu útboð á árinu og þau sem ólokið er frá síðasta ári á vegum 6 helstu verkkaupa í mannvirkjagerð en þeir eru Landsvirkjun, Vegagerðin, Siglingastofnun, Framkvæmdasýslan, Reykjavíkurborg

og Kópavogur. Sveinn bauð Þórólf Árnason, borgarstjóra, sérstaklega velkominn þar sem þetta væri hans fyrsta Útboðsþing og færði honum þakki fyrir vaxandi og gott samstarf við SI og fyrir að innleiða góð vinnubrögð á útboðsmarkaði.

*Framh. á bls. 14 og 15*

Heildarframkvæmdir sjö stofnana og sveitarfélaga



## IÐNÞING 2004

Minum á Iðnþing þann 12. mars nk.  
Sjá einnig frambjóðendur til  
stjórnarkjörs SI bls. 3 og  
dagskrá Iðnþings á baksíðu.



Samtök iðnaðarins



Samtök iðnaðarins hafa gert samstarfs-  
samning við Félag náms- og starfsráð-  
gjafa um að félagið taki að sér að svara  
spurningum gesta Iðunnar um nám og  
störf.  
Sjá nánar á bls. 11

iðn.is



Markaðssetning meistara  
og fagmanna gengur vel  
- Ný uppfærsla komin á Netið -  
Sjá nánar bls. 9

# Afturgöngur í atvinnulífinu

Allir vita að áhætta fylgir atvinnu- rekstri. Það er einmitt álitinn sérstak-ur kostur í efnahagslegu tilliti ef frum-kvöðlar eru margir og ríkur áhugi er á að ráðast í eigin atvinnurekstur. Ekki geta allir orðið ofan á í hörðum slag í grimmi samkeppni. Ameríkanar líkja samkeppninni við stríðsátök og tala með virðingu um þá stríðsmenn í við-skiptum sem bera ör á andliti. Það eru þeir sem hafa farið á hausinn en neita að gefast upp og hafa á endanum komið undir sig fótunum og náð settu marki.

## Rimlagjöldin hræða

Alltaf fara einhverjir hálloka í viðskiptum. Því breytum við ekki. Hins vegar er ekki sama hvernig það gerist. Hér á landi hefur það verið landlægt að fyrirtæki eru rekin árum saman þó að þau séu í reynd löngu orðin gjaldþrota. Stöðugt sígur á ógæfuhliðina og engar skynsamlegar ástæður eru til að ætla að þeirri þróun verði snúið við. Þeir sem halda ótrauðir áfram í slíkum rekstri skaða vísitandi sína viðsemjendur sína. Opinberir aðilar beita þungum viðurlögum við vanskilum á opinberum gjöldum. Þau gjöld eru í daglegu tali

kölluð „rimlagjöld“ þar sem vanskil varða fangelsisvist. Þegar ekki er lengur hægt að standa skil á þeim gjöldum er loks gefist upp.

Það var sérlega ánægjulegt að loks skuli fallinn dómur um ábyrgð stjórnarmanna í fyrirtæki sem hélt áfram að kaupa inn vörur sem það sýnilega gat aldrei borgað. Gallinn er bara sá að þarna er erfitt að draga mörkin. Hvenær hætta menn að vera í góðri trú að reyna að bjarga eigin atvinnurekstri en eru þess í stað farnir að stunda rán og gripdeildir?



## Allt veðsett í botn

Fyrir nokkrum árum voru gerðar breytingar á löngu úreltum veðlögum. Meginbreytingin er sú að nú er auðveldara en áður að taka veð í öðrum eignum en fasta-fjármunum. Mestu skiptir að nú er hægt að taka veð í ótilgreindu safni eigna á borð við viðskiptakröfur og birgðir almennt. Þegar hallar undan fæti er það fremur regla en undantekning að lánastofnanir eigi veð í öllum slíkum eignum viðkomandi fyrirtækis. Þess vegna er það lánastofnunum iðulega í hag að halda áfram rekstrinum meðan kostur er. Um leið og ný vörukaup eru komin í hús er sendingin veðsett lánastofnuninni en seljandi réttlaus. Á sama hátt er krafa vegna seldrar vöru eða þjónustu veðsett lánastofnun um leið og viðskiptin hafa farið fram. Það er erfitt að keppa við fyrirtæki sem eru rekin á þessum forsendum með stöðugum undirboðum og rugli til þess eins að fleyta sér áfram nokkra daga í viðbót.

Þess eru einnig æ fleiri dæmi að fyrirtæki virðast gerð gjaldþrota í góðri samvinnu við eigin lánastofnun. Þetta gerist þannig að fyrirtæki halda áfram starfsemi eins og ekkert hafi í skorist. Sumir hafa ekki fyrir því að skipta um nafn eða símanúmer. Forráðamenn eru hinir sömu og ekki virðist neitt vandamál að hefja banka-viðskipti þar sem frá var horfið.

## Undirverktökum varpað á dyr

Þegar betur er að gáð er það oft svo að lánastofnanir bæta stöðu sína með vel útfærðu gjaldþroti eigin viðskiptamanna. Skyndilega eru allar aðrar skuldir horfnar og möguleikar skuldarans til að standa skil

á lánunum eru þeim mun betri en áður. Það er auðvitað nærtækt að hækka vaxta-álagið ríflega í þessari stöðu. En hverjir tapa á þessum gjaldþrotum? Það eru viðskiptaaðilar þessara fyrirtækja, kaupendur og seljendur vöru og þjónustu. Sérstaklega eru hagsmunir undirverktaka léttvægir fundnir. Þó að verkkaupar krefjist verk-ábyrgða af aðalverktaka er nær óþekkt að hið sama gildi um undirverktaka. Þess vegna gerist það að afturgöngin verktaka-fyrirtæki halda áfram með verk eftir gjaldþrot í skjóli opinberra aðila og lánastofnunar en undirverktökum er varpað á dyr og fá ekkert upp í sínar kröfur.

## Fyrirtækin með nýju kennitölurnar bjóða best

Það er beinlínis hörmulegt að sjá þessar afturgöngur í atvinnulífinu taka þátt í opinberum útboðum. Algengt er að þeirra tilboð séu lægri en annarra. Þau skulda lítið og þurfa að krækja sér í verkefni til þess að komast í gang. Krafa um verkábyrgð er engin hindrun. Hún kemur frá sömu lánastofnun og áður. Engin vanskil á opinberum gjöldum hanga á splunkunýrri kennitölu. Algengt er að opinberir aðilar taki slíkum tilboðum. Menn telja sér jafnvel skylt að taka „hagstæðasta“ boði frá aðila sem er nýbúinn að velta af sér skuldunum með nauðasamningum eða nýrri kennitölu.

## Ekki aðstoða ræningja

Enginn heldur því fram að þeir, sem fara hálloka í viðskiptum, skuli aldrei eiga afturkvæmt. Í þeim tilvikum er eðlilegt að menn byrji smátt og ávinni sér það traust sem glataðist. Á hinn bóginn hefur aldrei þótt gott að vera þjófsnautur. Forráðamenn fyrirtækja, opinberir aðilar en ekki síst lánastofnanir verða að beita heilbrigðri skynsemi og siðferði í viðskiptum sínum. Þegar tekið er tilboði, sem er langt undir kostnaðaráætlun, er einhver annar sem borgar. Sá sem ekki getur staðið við eigin skuldbindingar en heldur áfram rekstri með undirboðum er síst betri en þjófurinn sem brýst inn og stelur. Sá sem aðstoðar afturgöngurnar í atvinnulífinu við að ræna önnur fyrirtæki er í hlutverki þjófsnautarins. Það er hvorki samboðið opinberum aðilum né virðulegum lánastofnunum.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
02. tbl. Febrúar 2004  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 18.02.2004  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Jóhannes Long

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, Pósthólf 1450,  
121 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir á slíkum tilvikum.

# IÐNÞING 2004

Í framboði til stjórnar SI



*Vilmundur Józefsson er í endurkjöri til formanns SI*

**Vilmundur Józefsson**  
f. 24. ágúst 1949  
framkvæmdastjóri  
Gæðafæðis ehf.  
Reykjavík



**Aðalheiður Héðinsdóttir**  
f. 23. apríl 1958  
framkvæmdastjóri  
Kaffitárs ehf.  
Njarðvík



**Baldur Guðnason**  
f. 22. janúar 1966  
stjórnarformaður  
Mjallar hf.  
Akureyri



**Bergsteinn Einarsson**  
f. 16. september 1960  
framkvæmdastjóri  
Sets hf.  
Selfossi



**Birgir Snorrason**  
f. 25. júní 1958  
framkvæmdastjóri  
Brauðgerðar Kr.  
Jónssonar & Co.  
Akureyri



**Halla Bogadóttir**  
f. 2. mars 1956  
Halla Boga, gullsmíði  
Reykjavík



**Helgi Jóhannesson**  
f. 27. ágúst 1956  
framkvæmdastjóri  
Norðurmjólkur ehf.  
Akureyri



**Hreinn Jakobsson**  
f. 15. apríl 1960  
forstjóri  
Skýrrs hf.  
Reykjavík



**Páll Freysteinnsson**  
f. 5. júlí 1960  
framkvæmdastjóri  
Hugar hf.  
Reykjavík



**Þorsteinn Víglundsson**  
f. 22. nóvember 1969  
framkvæmdastjóri  
BM Vallár ehf.  
Reykjavík

# SI

Samtök iðnaðarins

**Sterkur bakhjarl íslensks iðnaðar í 10 ár**




## Aukið samstarf fræðslumiðstöðva iðnaðarins

Nýlega var undirritað samkomulag milli Samtaka iðnaðarins, Samiðnar og Félags bókagerðarmanna um að auka samstarf Menntafélags byggingariðnaðarins, Fræðslumiðstöðvar málmíðnaðarins og Prenttæknistofnunar.

Markmið aukins samstarfs eru eftirfarandi:

- Að bæta þjónustu FM, MFB og PTS við félagsmenn og fyrirtæki.
- Að auka hagræði í rekstri FM og MFB og PTS með samþættingu á innri starfsemi og samvinnu á þeim sviðum sem eru sameiginleg öllum iðngreinunum.
- Að auka skilning á gildi símenntunar fyrir starfsmenn og fyrirtæki m.a. með gerð símenntunaráætlananna í fyrirtækjum.
- Að FM, MFB og PTS verði öflugur samstarfsvettvangur iðn- og símenntunar fyrir árslok 2005 og reiðubúin til að leiða samstarf við aðra aðila á sviði símenntunar.

Aðstæður á atvinnulífinu kalla á breyttar áherslur fræðslumiðstöðva iðnaðarins. Kröfur til fyrirtækja og starfsfólks í iðnaði aukast stöðugt. Iðnaður á Íslandi byggist á



Frá undirritun samningsins: Sveinn Hannesson, SI, Finnbjörn Hermannsson, Samiðn, og Sæmundur Árnason, FBM

þekkingu fyrirtækja og starfsfólks. Verðmætasköpun í iðnaði hvílir í vaxandi mæli á færni og kunnáttu. Breytilegar kröfur iðnaðarins um skjóta og skilvirka uppbyggingu þekkingar er viðvarandi. Því er nauðsynlegt að fræðslustofnanir iðnaðarins vinni náið saman á sameiginlegum sviðum. Skipuð verður verkefnastjórn til að vinna

að framgangi málsins og hún mun skilgreina undirmarkmið í samræmi við samning og skila tillögum að verkefnum innan skamms.

Ingi Bogi Bogason

## Lífið eftir námsárin

Á málþingi SI á Menntadegi iðnaðarins í janúar sl. fluttu nokkrir framsögumenn erindi um menntun og verðmætasköpun. Þar kom fram að menntun og hagsæld haldast fast í hendur. Forsenda fyrir öflugum fyrirtækjarekstri er hátt men-



Þekkinguna þarf að hagnýta betur

ntastig starfsfólks. Þrátt fyrir þessi sannindi er gjarnan spurt hvort menntakerfið uppfylli óskir atvinnulífsins með nógu markvissum hætti.

Í Fréttablaðinu 16. febrúar sl. segir

bæjar-stjórinn á Blönduósi, Jóna Fanney Friðriks- dóttir, frá því hve erfitt getur verið að tengja kenningar og hugsjónir námsáranna við raunveruleika atvinnulífsins.

„Toppurinn á tilverunni var að gerast fræðimaður,” segir Jóna Fanney sem lauk magistersprófi í fjölmiðlafræði frá háskóla í Berlín. „Þar var námið

aðallega fræðilegt en minni áhersla lögð á hagnýta notkun þekkingarinnar.”

„Ég sökkta mér niður í alla þessa fræðimenn,” segir hún, „og lá bókstaflega í fræðibókunum frá morgni til kvölds, en þegar maður kemur úr slíku námi veit maður ekki alveg hvað maður á að gera við sig. Mér fannst ég kunna skil á flestu en kundi samt ekki neitt.”

Þessi vitnisburður bæjarstjórans á Blönduósi vekur spurningar um hvort framhalds- og háskólar vannýti tækifæri til að þjálfa nemendur til starfa í atvinnulífinu í samræmi við mikilvægar fræðilegar kenningar.

Ingi Bogi Bogason

Markaðssetning SI á fagmennsku í tísku:

# Vakti almenna athygli og leiddi í ljós jákvæði þjóðarinnar

Niðurstöður viðhorfskönnunar sem IMG Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins sýna að markaðsátakið Tísku-dagur iðnaðarins í nóvember sl. vakti almenna athygli meðal þjóðarinnar.




Könnunin var gerð í nóvember og desember sl. meðal 1350 einstaklinga á landinu öllu. Samkvæmt niðurstöðunum tóku 61,6% landsmanna eftir Tískudögum iðnaðarins. Meðal kvenna á landinu er hlutfallið talsvert hærra því að 76 af hundraði þeirra veittu Tískudögum iðnaðarins athygli á móti 46 af hundraði karla. Könnunin leiðir líka í ljós að almenningur er óvenju jákvæður í garð átakins því að 85,6% þeirra, sem veittu átakinu athygli, lýstu sig jákvæða gagnvart því.

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir Tískudögum iðnaðarins með sjö fagfélögum í þjónustuiðngreinum. Dagskráin var tvískipt, annars vegar stóðu fyrirtæki í greinunum fyrir opnu húsi og sérstökum tilboðum til gesta og hins vegar var haldin sameiginleg tveggja daga hátíðarsýning í Perlunni í Reykjavík. Þetta er í fyrsta skipti í nokkuð langan tíma sem ráðist er í markaðsátak á þessu sviði iðnaðar og í fyrsta skipti sem yfirskriftn Tískudagur iðnaðarins er reynd á markaði.


Fjallað var um þjónustuiðngreinarnar og söluvöru þeirra víða í fjölmiðlum í tilefni átakins og á sjötta þúsund manns

Sást þú eða heyrðir um TDI 2003 sem haldnir voru nú í nóvember?




62% þjóðarinnar sá eða heyrðu um Tískudaga iðnaðarins og voru konur þar í miklum meiri hluta.

Ert þú jákvæður eða neikvæður gagnvart því að haldnir séu Tískudagur iðnaðarins?




86% þjóðarinnar eru jákvæð gagnvart því að haldnir séu Tískudagur iðnaðarins, 13% voru hvorki með né á móti og aðeins 1% var neikvætt.

Hvernig gekk með opið hús og hvað vakti mesta athygli?



61% þátttakenda var ánæggt með opið hús og fannst það hafa tekist vel. 78% töldu sig hafa fengið sína viðskiptamenn og 77% fannst opið hús hafa verið vel auglýst.

Hvernig gekk á sýningunni og hver voru viðhorf gesta?



Sýnendur voru almennt ánægðir með sýninguna í Perlunni þótt tilboðin hefðu ekki vakið mikla athygli. Viðhorf gesta var mjög gott og 40% sýnenda fundu fyrir aukinni sölu í verslunum sínum eftir sýninguna.

sóttu sýninguna í Perlunni sem eru fleiri gestir á einni helgi en á heilu ári hjá mörgum þeirra sem þar sýndu. Auk könnunar IMG Gallup létu SI gera nákvæma viðhorfskönnun meðal allra aðildarfyrirtækja sem þátt tóku í átakinu. Spurt var í smáatriðum um alla þætti þeirrar þjónustu sem markaðsvið SI veitti og svör fengust frá öllum þátttakendum. Allar þessar upplýsingar voru kynntar og ræddar á opnum fundi þjónustuiðngreina á Grand Hótel Reykjavík 29. janúar með það fyrir augum að veita nýfenginni markaðspekkingu út til fyrirtækjanna og stjórnenda þeirra.



Ljóst er að ýmis sameiginleg sóknarfæri eru í markaðsmálum þessara greina sé vel á málum haldið. Smæð félaganna og fyrirtækjanna gera erfitt fyrir að ná athygli neytenda í harðri samkeppni en með sameiginlegu átaki greinanna sjö og skýrri, sameinaðri ímynd skapast mörg sóknarfæri.

Niðurstöður könnunarinnar er hægt að skoða í heild sinni á [www.si.is](http://www.si.is).

Kristrún Heimisdóttir,  
kristrun@si.is  
Brynjar Ragnarsson,  
brynjar@si.is



# Gjáin yfir gjána

*Ris ehf. byggir stórhýsi yfir Kópavogsgjána*

Undanfarna mánuði hefur svipmót miðbæjar Kópavogs smám saman tekið á sig breytta mynd svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Þar getur nú að líta glæsilegt stórhýsi sem byggingafyrirtækið Ris ehf. hefur nú reist þvert yfir gjána sem hingað til hefur skipt bæjarfélaginu í tvo hluta með svo afgerandi hætti. Verkefnið er hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Húsinu hefur enn ekki formlega verið gefið nafn en gengur í daglegu tali undir nafninu Gjáin.

Ekki er ætlunin að láta þar staðar numið því að hugmyndin er að loka gjánni að fullu milli brúna tveggja sem fyrir eru en verkþátturinn, sem nú er á lokastigi, er um þriðjungur af heildarverkinu. Sigurfinnur Sigurjónsson, byggingastjóri framkvæmdanna, segist vona að því verði lokið á næstu misserum en það sé á valdi forráðamanna bæjarins. Ljóst er að ásynd miðbæjarins tekur stórfelldum breytingum til bóta þegar þar að kemur.

Hugmyndin að því að byggja yfir gjána er um 35 ára gömul að sögn Sigurfinns. Þá var efnt til samkeppni meðal hönnuða um skipulag miðbæjar Kópavogs og verðlaunatillogur gerðu ráð fyrir að byggt yrði



*Sigurfinnur Sigurjónsson*

yfir gjána. Síðan hefur þeirri hugmynd verið hreyft öðru hverju en fyrir 6-7 árum var dustað af henni rykið fyrir alvöru. Sigurfinnur segir Benjamín Magnússon, arkitekt hússins, hafa verið mikinn áhugamann um að hin gömlu áform yrðu að veruleika og að hann hafi lagt mikla vinnu í hugmyndina. Því hafi legið beinast við að semja við hann um að hanna bygginguna

## Hugmynd verður að veruleika

Árið 2001 sótti Ris ehf. formlega um að fá að byggja hús á lóðinni Hamraborg 8 og í kjölfar þess samdi Kópavogsbær við fyrirtækið um að það byggði yfir gjána. Í því fólst raunar að byggja lóðina sem fyrirtækið fékk svo úthlutað. Verkið er því tví-

þætt. Annars vegar er yfirbyggingin yfir gjána ásamt bílastæði sem er unnið fyrir Kópavogsbæ og Vegagerðina en hins vegar er húsið sjálft sem Ris ehf. byggir fyrir eigin reikning. Framkvæmdin útheimti vandaðan undirbúning sem tók hálf tveggja ár en hafist var handa síðla árs 2002.

Sigurfinnur segir að fyrirtækið leggi metnað sinn í að húsið verði sem glæsilegast bæði að utan sem innan. Húsið er tvær hæðir og hvor þeirra um þúsund fermetrar að stærð. Landsbanki Íslands og lyfjaverslunin Lyf og Heilsa keyptu alla neðri hæð hússins og hún verður afhent nýjum eigendum 1. júní næstkomandi. Þar verða útibú bankans og lyfjaverslun til húsa. Efri hæðinni hefur ekki verið ráðstafað enn sem komið er en m.a. hefur komið til tals að Heilsugæslustöð miðbæjar Kópavogs flytjist þangað.

## Tæknileg áskorun

Vegna óvenjulegra aðstæðna hefur þurft að leysa ýmsan tæknilegan vanda. Meðal annars varð að taka tillit til þess að hæðarmál var knappt. Lágmarkshæð undir stálbita mátti ekki vera minni en 5 metrar að kröfu Vegagerðarinnar en að ofanverðu réð hæðarkóti brúarinnar svo að ekki yrði

mikill hæðarmunur á brúnni og yfirbyggingunni. Því stóð baráttan um hvern sentimetra varðandi burðargetuna.

## Öryggismál í fyrir-rúmi

Sigurfinnur segir að verkið hafi verið unnið í góðri samvinnu við bæjarfyrirvöld, lögregluna og Vegagerðina og það hafi gengið mjög vel þrátt fyrir afar erfiðar aðstæður í mikilli og hraðri umferð þar sem um 22 þúsund bílar þjóta um gjána á



sólarhring. Auk þess var unnið við mikil þrengsli á 6 metra dýpi við gerð stoðvegga í návígi við um-ferðina. „Góðu heilli hefur verið gengið algerlega slysalaut fyrir sig enda rík áhersla verið lögð á að gæta fyllsta öryggis í hvívetna, bæði hvað varðar starfsmenn fyrirtækisins og vegfarendur. Við nýttum tækifærið til að brýna fyrir starfsmönnum að sýna fyllstu aðgát og gera þeim grein fyrir hve mikilvægt er að vinna samkvæmt ströngustu öryggiskröfum bæði hér og annars staðar. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að einn lítill nagli, sem dettur á götuna, getur valdið stórslysi þar sem umferðin er svo mikil og hröð,” segir Sigurfinnur. „Í raun er það bara eitt sem hefur komið mér á óvart í allri þessari framkvæmd en það er óþolinmæði og til-litsleysi ökumanna.”

#### Mikil og fjölbreytt verkefni

Ris ehf. var stofnað árið 1966 og var upphaflega rekið sem byggingavöruverslun í Ármúla. Tveimur árum síðar tók Jörundur Kristinsson við fyrirtækinu og flutti það í Garðabæ þar sem það hefur verið til húsa síðan. Árið 1993 tóku Kristinn, sonur hans og Jóhann Guðni Hlökkversson, tengdasonur hans, við fyrirtækinu og hafa rekið það síðan sem alhliða byggingafyrirtæki sem er virkt á útboðsmarkaði og byggir auk þess og selur íbúðir og atvinnuhúsnæði fyrir eigin reikning.

Umsvif fyrirtækisins hafa aukist jafnt og þétt og undanfarin 5 ár hefur Ris ehf. byggt og selt um 80 íbúðir í Kópavogi og Garðabæ. Meðal mannvirkja sem fyrirtækið hefur átt þátt í að byggja eru Salurinn Tónlistarhús Kópavogs, fimleikahús og tengibygging við Íþróttahús Seltjarnarness, Íþróttahús Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði og viðbygging Selásskóla og Garðaskóla auk fjölda annarra verkefna. Auk þess að reisa hús yfir gjána vinnur Ris ehf. nú m.a. við að steypa upp tvær 12 og 14 hæða blokkir í Salahverfi og áhorfendastúku fyrir Stjórnuna í Garðabæ. Þá er verið að byggja 500 fermetra viðbyggingu við hús Félags Íslenskra hljómlistarmanna í Rauðagerði en þar verða tónleikasalur, hljóðver og skrifstofuhúsnæði. Vonir standa til að í vor verði hafist handa við að byggja 6300 fermetra verslunar- og skrifstofuhúsnæði við Dalshraun í Hafnarfirði þannig að verkefni eru næg framundan.

*Þóra Kristín Jónsdóttir*



## Nýtt álver í Reyðarfirði Kynning á útboðum vegna uppbyggingar og rekstrar á byggingartíma

**Verktakafyrirtækið Bechtel sem mun annast uppbyggingu álvers Alcoa á Reyðarfirði mun kynna fyrirhuguð útboð sín á fundi þriðjudaginn 24. febrúar kl. 16 sem haldinn verður á Hótel Loftleiðum (Þingsal 1-2).**

Fyrirtækið hefur áformað að efna til a.m.k 30 útboða á sviði vörukaupa, verk-töku og þjónustu. Útboðin spanna fjölbreytt svið, s.s. jarðvinnuverktöku, kaup á

vinnubúðum, bílum, talstöðvum, eldsneyti, sorphirðu, vöktun, kaffiþjónustu, flutningaþjónustu, fólksflutningum, rekstur vinnubúða, snjómokstur og endurvinnslu.

Auk þess að kynna væntanleg innkaup mun Bechtel kynna kröfur sem það gerir til birgja og undirverktaka meðal annars vegna öryggiskrafna frá verkkaupanum Alcoa.

*Árni Jóhannsson*



## Ál og orka Alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík um áliðnað og orkumál

**Dagana 4.-5 mars nk. stendur Metal Events fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um áliðnað og orkumál á Hotel Nordica í Reykjavík.**

Þar verður fjallað almennt um þróun áliðnaðar í heiminum og tilheyrandi orkuvinnslu. Þá verður fjallað sérstaklega um framtíðaráform Íslendinga á sviði áliðnaðar og orkuvinnslu.

Fjöldi þekktra fyrirlesara heldur erindi á ráðstefnu



unni, m.a. Bernt Reitan, forstjóri álvinnsludeildar Alcoa, Kenneth D. Peterson, forstjóri, Columbia Ventures Corp., og Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunnar. Gert er ráð fyrir um 150 erlendum og innlendum þátttakendum. Eftir verður til skoðunarferða til Norðuráls og ÍSAL auk virkjana. Nánari upplýsingar og skráning er hjá: [www.metalevents.com](http://www.metalevents.com).



## Fjarnámskeið um nýjungar í smárásatækni

Samtök iðnaðarins eru þátttakendur í verkefninu „System-On-Chip“ sem miðar að því að upplýsa fyrirtæki um framfarir á sviði smárásatækni (microelectronic) í tengslum við framleiðslu ýmissa tækja og íhluta.

Norræni iðnaðarsjóðurinn styrkir verkefnið og þátttakendur eru samtök upplýsingatækni- og rafeindafyrirtækja á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum. Þátttakendur koma einnig frá norrænu rann-



sóknastofnunum\*; KTH í Svíþjóð, TUT í Finnlandi, DELTA í Danmörku og SINTEF í Noregi.

Einn mikilvægasti hluti verkefnisins er námskeið fyrir tæknimenn fyrirtækja sem

starfa á sviði smárásatækni og nemendur á því sviði. Nú hafa verið þrjú námskeið á sviði „Systems modelling,“ „Processor design“ og „Co-design of embedded systems“ sem verða í boði í fjarkennslu.

Skráning á námskeiðin er hafin og ekki verður innheimt gjald í fyrstu umferð námskeiðanna sem verður í boði í viku 4 – 11. Næstu námskeið verða í viku 13 – 20 en þá verða innheimt gjöld fyrir námskeiðin. Hvert námskeið er áætlað um 40 kennslustundir og gefa 1,5 ECTS kredit.

Tæknimenn í fyrirtækjum og nemendur á tæknisviði eru hvattir til að nýta tækifærið til að fá fría kennslu hjá helstu tækniháskólum og rannsóknastofnunum á Norðurlöndum í helstu nýjungum á sviði dvergrásatækni.

Nánari upplýsingar um námskeiðin eru á vefsetri verkefnisins: [www.soc-sme.net](http://www.soc-sme.net)

Skráning á námskeiðin fer fram hjá Gunnar Bjarne Andersen hjá DELTA ([gba@delta.dk](mailto:gba@delta.dk))

\*KTH: Kungliga Tekniska Högskolan, Stockholm

SINTEF: Electro-nics and Cybernetics, Oslo

TUT: Tampere University of Technology, Finland  
DELTA Danish Electronics, Light & Acoustics

Guðmundur Ásmundsson



### Upphafsfundur í verkefni um þekkingarmat UT-fyrirtækja

Um síðustu helgi var haldinn hér á landi upphafsfundur í verkefninu „Putting Intellectual Capital into Practical Implementation.“ Markmið verkefnisins er að samhæfa skráningu ófniðlegra eigna fyrirtækja sem flokkað hefur verið sem; Mannauður, Skipulagsauður og Viðskiptauður.

Samtök iðnaðarins verða í forsvari fyrir verkefninu og samstarfsaðilar eru samtök UT-fyrirtækja á öllum Norðurlöndunum. Aðildarfyrirtæki á sviði upplýsingatækni munu taki þátt í verkefninu með ýmsu móti. Sum þeirra gera sínar eigin þekkingarskýrslur en önnur fá að kynnast því hvernig að slíki úttekt skal standa. Norræni nýsköpunarsjóðurinn (Nordic Innovation Center) styrkir verkefnið.

Guðmundur Ásmundsson

## Bóklegt hársnyrtinámskeið

Meistarafélag í hágreiðslu gekkst fyrir tveimur tveggja daga endurmenntunarnámskeiðum fyrir félagsmenn sína í janúar og þóttu þau takast mjög vel.

Síðastliðið sumar vaknaði sú hugmynd



að halda námskeið á bóklegum nótum enda ekki mörg slík í boði fyrir hársnyrti-meistara þar sem aðaláhersla er jafnan lögð á að verkleg námskeið sem að sjálf-sögðu eru greininni nauðsynleg.

Starfsmenntaráð veitti félaginu styrk til að halda námskeiðið og því var ráðist í að fá kennara frá hinum þekktu Pivot Point skóla í Chicago til að kenna á námskeiðinu. Öll grunnkennsla fyrir nemendur í hársnyrtið byggist á Pivot Point kerfinu og því þótti kjörið að veita hársnyrtimeisturum tækifæri til að rifja upp þau fræði og veita þeim nýja innsýn í það kennsluferfi sem nemendur þeirra fylgja í skólanum um þessar mundir. Kennsluáðferðir taka sí-

felldum breytingum og því er nauðsynlegt fyrir meistara, sem taka nema í stafsþjálfun, að fylgjast með þeirri þróun.

Námskeiðið gaf okkur byr undir báða vængi og ljóst er að bókleg námskeið eru fagfólki í hársnyrtiðinni ekki síður gagnleg en þau verklegu og það verður haft í huga í framtíðinni.

Jónína S. Snorradóttir  
Formaður Meistarafélags í hárgreiðslu



## Aðgengilegri þjónusta við smærri fyrirtæki SI

Samtök iðnaðarins settu á fót starfshóp á síðasta ári sem fékk það verkefni að skoða hvernig bæta mætti þjónustuna við minni fyrirtæki innan Samtakanna. Til varð verkefnið Akkur sem hér er kynnt.


Er einhver akkur í þessu fyrir mig? Spurningin er eðlileg og sjálfsgöð fyrir alla félagsmenn. „Það er minn akkur að vera í Samtökum iðnaðarins þess vegna er ég félagsmaður“ er svarið sem SI vil heyra frá öllum félagsmönnum.

Akkur á að vera samnefnari fyrir margþætt starf sem þegar fer fram á vegum SI og þá nýju þjónustu sem hér er kynnt. Það er von okkar að Akkur geri þá þjónustu, sem í boði er, markvissari, aðgengilegri og sýnilegri.

Akkur hefur það markmið að auka og bæta þjónustuna við félagsmenn, sérstaklega minni fyrirtæki innan Samtakanna. Fyrir tilstilli Akks eiga félagsmenn SI að njóta virðisaukandi þjónustu sem öðrum stendur ekki til boða en leiðir vonandi til betri rekstrar, sterkari samkeppnisstöðu og þar með betri afkomu en ella hefði verið.

Innan Akks verður boðin fræðsla, námskeið, ráðgjöf og aðgangur að efni og gagnýtum upplýsingum á vefsetri SI.

Verkefni Akks sem hefjast strax að loknu Iðþingi eru:



# AKKUR

## Fyrirtæki SI - feti framur

**Tölvunámskeið.** Markmiðið er að gera notendur færa um að nota tölvupóst til samskipta og að nota Netið til að afla sér upplýsinga. Þar er einkum horft til vefseturs Samtaka iðnaðarins sem verður notað til miðlunar upplýsinga til félagsmanna. Fyrsta námskeiðið verður haldið á Akureyri 17. mars og verður auglýst nánar á vefsetri SI og með dreifibréfi.

**Einkahlutafélag.** Borgar sig fyrir mig að breyta um rekstrarform? Þann 19. mars verður haldinn fundur um málið. Þar fer löggiltur endurskoðandi yfir það og svarar spurningum fundarmanna. Fundurinn verður nánar kynntur á vefsetri SI og með dreifibréfi.

**Micro Microscope.** Samtök iðnaðarins

hafa aflað sér réttinda og þjáfað starfsmenn sína í notkun þessa verkfæris. Fyrirtæki innan SI verða heimsótt og þau leidd gegnum sjálfsmat á mikilvægum þáttum í rekstri sem gerir þeim kleift að bera sig saman við önnur fyrirtæki innan lands sem utan. Með því fást hagnýt viðmið og verkefnalistar fyrir stjórnendur til þess að vinna að bættum rekstri og bættri samkeppnisstöðu.

**Rekstrarnámskeið.** Í boði verða röð stutt og hnitmiðuð námskeið um rekstur, stjórnun og áætlanagerð. Fyrsta nám-

skeiðið, Fjármál og fjármálastjórnun, verður haldið á Akureyri 19. og 20. mars og verður auglýst nánar á vefsetri SI og með dreifibréfi.

**Gæðastjórnun.** Í boði verða kynningarfundir um gæðastjórnun og gæðastjórnunarkerfi SI.

**Taxti.** Taxti er kostnaðarlíkan sérstaklega sniðið að þörfum minni fyrirtækja. Taxti er aðgengilegt forrit til að reikna útsölu- og vélataxta samkvæmt eigin rekstrarforsendum.

Starfshópurinn vonast til að með þessum verkefnum Akks sé komið til móts við óskir og þarfir félagsmanna um bættu þjónustu af hálfu Samtaka iðnaðarins.

Ásgeir Magnússon  
Skrifstofa atvinnulífsins á Akureyri

## Markaðssetning meistara og fagmanna gengur vel

- Ný uppfærsla komin á Netið -

Tæpt eitt ár er nú liðið frá því markaðsvefurinn Meistarinn.is var kynntur félagsmönnum en hann veitir almenn- ingi, fyrirtækjum og stofnunum upp- lýsingar um meistara og fagmenn innan SI á einfaldan og aðgengilegan hátt.

Frá upphafi hefur góð aðsókn einkennt vefinn en rúmlega þúsund manns heimsækja hann að jafnaði á mánuði. Í kringum hina ýmsu Daga iðnaðarins og önnur átaksverkefni á markaðs- sviði SI hefur



aðsókn þó verið nær tveimur þúsund- um. Nú eru um 350 fyrirtæki, sjálfstæðir atvinnurekendur og fagfélög úr fjölbreyttri flóru iðnaðar og löggiltra iðngreina skráðir þátttakendur í vefnum en skráningin kostar 5 þúsund krónur á ári sem renna til kynningar á vefnum að viðbættu mótframlagi SI.

Á liðnu ári stóð til að uppfærsla upplýsinga um félagsmenn úr gagnagrunni SI yrði gerð sjálfvirk en því verkefni varð að

fresta þar til í mars. Það liður þó að úrbótum í þeim efnum og að vonum batnar þá þjónustan við félagsmenn. Félagsmenn, sem ekki eru skráðir en vilja vera með, geta óskað þess með tölvupósti á netfangið skraning@si.is, með símbreffi á 591 0101 eða hringt á skrifstofu SI í síma 591 0100 og gengið frá skráningunni þar. Greiðsla árgjalds er staðfesting á þátttöku.

Brynjar Ragnarsson

# Ábyrgðir draga úr áhættu

Innan Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins starfar deild sem ber nafnið Trygg-ingardeild útflutnings en er alla jafna kölluð TRÚ. Samtök iðnaðarins áttu stóran þátt í því að ákveðið var að blása nýju lífi í TRÚ árið 2002. Það var gert með samstarfssamningi á milli SI, Nýsköpunarsjóðs og Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Sú vinna er farin að bera ávöxt og hafa nokkrir félagsmenn SI nú þegar notið góðs af. Ingibjörg H. Þráinsdóttir starfar hjá Nýsköpunarsjóði og sinnir þar málefnum TRÚ. Íslenskur iðnaður fékk Ingi-björgu til að segja frá starfsemi TRÚ.

TRÚ veitir ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning. Ábyrgðirnar sem TRÚ veitir, eru með ábyrgð ríkisábyrgðasjóðs og er tilgangur þeirra að jafna samkeppnisstöðu íslenskra útflytjenda til jafns við erlenda keppinauta sem búa við stuðning frá tryggingardeild í sínum heimalöndum. Það að geta boðið viðskiptavinum að kaupa vöru eða þjónustu með greiðslufresti getur haft úrslitaáhrif varðandi það hvort íslensk fyrirtæki ná sölusamningi eða ekki. Fjármögnunarmöguleikar, sem íslensk fyrirtæki geta boðið erlendum kaupendum, geta í sumum tilvikum verið samkeppnis-mál líkt og verð, gæði og þjónusta. Sala með greiðslufresti er nauðsynleg í sumum tilvikum eins og t.d. þegar um er að ræða kaupendur í minna þróuðum löndum þar sem fjárhagsstaða fyrirtækja leyfir ekki eingreiðslu á vörunni eða þjónustunni. Stundum gera kaupendur kröfu um greiðslufrest ef af samningi á að verða og þá getur komið sér vel fyrir útflytjendur að geta lánað kaupendum hluta kaupverðs en fengið TRÚ til að ábyrgjast skilvirkar greiðslur.

## Hverjir nýta sér þjónustuna?

Þeir sem nýta sér þjónustu TRÚ eru útflytjendur annars vegar og bankar hins vegar. Bankar geta ekki fengið ábyrgðir hjá TRÚ nema að þeir vinni með útflutningsfyrirtækjum. Útflytjendur geta nýtt ábyrgðir frá TRÚ til þess að draga úr hættu á því að krafa á hendur erlenda kaupandnum tapist en slík ábyrgð kallast greiðslufallsábyrgð. Í þeim tilvikum gefur TRÚ út ábyrgð til útflytjandans og getur hún numið allt að 90% af útflutningsverðmættinu, að frádreginni fyrirframgreiðslu kaupanda. Útflytjendur geta nýtt greiðslu-



Ingibjörg H.  
Þráinsdóttir



fallsábyrgð t.d. til tryggingar á láni í viðskiptabanka með því að framselja ábyrgðina til bankans. Slíkt framsal kemur sér oft vel fyrir fyrirtæki því að í mörgum tilvikum er um stórar pantanir að ræða sem fyrirtækjum reynist nauðsynlegt að fjármagna með bankalánum á framleiðslutímanum

## TRÚ keppir ekki við einkarekin tryggingafélög

Skýrt er kveðið á um að TRÚ er óheimilt að starfa á markaði þar sem einkarekin tryggingafélög eru talin hafa hug á að starfa. Tryggingafélög veita ábyrgðir eins og t.d. greiðslufallsábyrgðir og mörg íslensk fyrirtæki kaupa slíkar ábyrgðir, aðallega af erlendum tryggingafélögum. Til þess að koma í veg fyrir skörun er okkur óheimilt að gefa út greiðslufallsábyrgð til ríkra landa ef áhættutíminn er skemmri en tvö ár. Til að nefna dæmi þá megum við ekki opna greiðslufallsábyrgð vegna sölu á fiski ef kaupandinn er breskt fyrirtæki en greiðslufrestur í fiskviðskiptum er alltaf skemmri en tvö ár. Ef hins vegar ætti að selja fiskinn til Rússlands, þá mættum við opna ábyrgð.

## Útflytjandi útvegar erlendum kaupanda lán í íslenskum banka

Stundum kemur það í hlut útflytjenda að útvega erlendum kaupendum lán fyrir

vörukaupunum. TRÚ er heimilt að gangast í ábyrgð á slíkum lánum enda um samþærilega áhættu að ræða og í tilviki greiðslufallsábyrgðar, þ.e. áhættan snýr að því hvort erlendi kaupandinn greiðir samkvæmt samningi eða ekki. Bankinn greiðir lánið beint til útflytjandans samkvæmt samningi milli kaupanda og seljanda.

## Leikreglur tryggingardeilda

Innan OECD er starfandi faghópur um útflutningstryggingar. Hópurinn hefur komið sér saman um tiltekna leikreglur sem tryggingardeildum ber að starfa eftir. Leikreglurnar ná til margra atriða t.d. hve ábyrgð má vera hátt hlutfall af sölusamningi, hve langur greiðslufrestur má vera og hver lágmarkspóknun sem útflytjandi greiðir fyrir ábyrgð skal vera. Miklu máli skiptir að þessi atriði séu samræmd svo að samkeppnin snúist ekki um það hver, t.d. býður lengstan greiðslufrest með ríkisábyrgð eða það hvaða seljandi þarf að greiða lægstu póknunina til tryggingardeildarinnar í sínu heimalandi, svo að fátt eitt sé nefnt.

## Ítarlegri upplýsingar

Á vefsetri Nýsköpunarsjóðs, [www.nsa.is](http://www.nsa.is), er að finna ítarlegri upplýsingar um TRÚ. Félagsmenn SI eru hvattir til að kynna sér þjónustuna og nýta þá þjónustu sem þar er í boði.

## Iðan: Samið við Félag náms- og starfsráðgjafa

Vefsetrið [www.idan.is](http://www.idan.is) er miðstöð upplýsinga um íslenskan iðnað og er einkum ætlað ungu fólki, skólum og kennurum. Einn mikilvægasti þáttur Iðunnar fjallar um nám, störf, skóla og fyrirtæki en þessar upplýsingar flétt-ast saman með einstæðum hætti. Samtök iðnaðarins fengu Starfs- menntaverðlaunin árið 2002 fyrir Iðuna.

Fyrir skömmu gerðu SI samkomulag við Félag náms- og starfsráðgjafa um að félagið taki að sér að svara spurningum gesta Iðunnar um nám og störf, auk þess að bæta í safn starfs- og námslýsinga. Hann tekur við af hliðstæðum samningi milli SI og félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Áfram er náð og gott samband við HÍ og t.d. er mikilvægur þáttur í námi nemenda í náms- og starfsráðgjöf að heimsækja Samtök iðnaðarins til þess að skiptast á skoðunum um Iðuna, nám, störf og íslenskan iðnað. Þeir hafa einnig unnið verkefni sem hafa birst á Iðunni.

SI eru mjög ánægð með að samningur hefur tekist við Félag náms- og starfsráð-



Neðri röð f.v.: Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarfrkvstj. SI og Svandís Ingimundardóttir, formaður Félags náms- og starfsráðgjafa. Efri röð f.v.: Haraldur Dean Nelson, SI, Sigríður Birna Bragadóttir, K. Katrín Þorbergsdóttir og Sigríður Bildal, náms- og starfsráðgjafar

gjafa um Iðuna en sú þjónusta, sem almenningi stendur þar til boða, er ekki fánleg annars staðar. Það er ómetanlegt fyrir Iðuna að hafa teymi fagfólks úr röðum starfandi náms- og starfsráðgjafa til að sinna þessari þjónustu. SI eru viss um að

samstarfið verður farsælt og að Iðan verði áfram ómissandi öllum þeim sem vilja fræðast um nám og störf og velja sér framtíð.

Jón Steindór Valdimarsson

## SI styrkja lektorsstöðu hjá Tækniháskóla Íslands

Stjórn Samtaka iðnaðarins ákvað á síðasta stjórnarfundum að bjóða Tækniháskóla Íslands að gera samning sem kveður á um að Samtök iðnaðarins styrki til þriggja ára hálf lektorsstöðu í tölvu- og upplýsingatæknifræði sem sérstaklega er ætluð til þróunar og uppbyggingar fjarnáms í tæknigreinum.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, lýsti þessari ákvörðun Samtakanna í ávarpi við útskrift nemenda frá THÍ sl. laugardag. Hann sagði að tæknigreinar hefðu átt undir högg að sækja undanfarin ár en nýir námsmöguleikar, sem THÍ býður nú fram, væru til þess fallnir að gefa iðnaðarmönnum tækifæri til framhaldsnáms. Mikil aðsókn að fjarnámi í iðnfræði, sem nú verður einnig kennd í fjarnámi, staðfesti að hér væri um að ræða tækifæri sem hefði skort tilfinnanlega.

TÆKNIHÁSKÓLI  
ÍSLANDS  
Technical University of Iceland



Nám í iðnfræði við THÍ er að öllu jöfnu 45 eininga (1 árs) nám á háskólastigi og er sérstaklega ætlað þeim sem lokið hafa sveinsprófi og tilheyrandi undirbúningsnámi. Fjarnámið er hins vegar hugsað samhliða vinnu og ljúka nemendur því á þremur árum að undirbúningsnáminu meðtöldu. Fjarnámið er þannig sérsniðið að þörfum hvers nema og opnar nýja leið fyrir iðnaðarmenn í háskólanám.

Hingað til hafa nemendur í fullu námi í iðnfræði (rafmagns-, véla- og byggingar-iðnfræði) verið um 20-30 í árgangi. Þrátt fyrir takmarkaða kynningu hafa nú þegar tæplega 40 iðnaðarmenn hafið fjarnám í iðnfræði með vinnu. Þessi mikli áhugi gefur

vísbendingu um að þörfin fyrir slíkt nám sé mjög mikil. Markmið iðnfræðinámsins er að veita iðnaðarmönnum öflugt viðbótarnám á háskólastigi. Iðnfræði er löggilt starfsheiti og veitir margs konar möguleika til frekara náms og starfa. Iðnfræðingar starfa m.a. við stjórnun verka (t.d. byggingarstjórn, veitustjórn og stjórnendur í iðnaði), hönnun og margvísleg tæknistörf. Í nýrri menntakönnun IMG Gallup og SI kemur fram að þörf iðnaðarins fyrir iðnaðarmenn og tæknifólk á háskólastigi er varanleg næstu árin. Með því að bregðast jákvætt við beiðni THÍ taka Samtök iðnaðarins ákveðið skref til að fjölga menntuðum tæknimönnum í samræmi við óskir félagsmanna.

Ingi Bogi Bogason



# Launakönnun starfsfólks í prentiðnaði 2003

Samtök iðnaðarins og Félag bóka-gerðarmanna standa árlega að launa-könnun meðal starfsfólks í prentiðnaði en Viðskiptaráðgjöf IBM (IBM Business Consulting Services ehf.) gera könnunina samkvæmt samningi við SI og FBM.

Lögð er rík áhersla á að trúnaður sé haldinn um niðurstöður könnunarinnar og hafa eftirfarandi skilyrði verið sett í því tilliti:

Félag bóka-gerðarmanna og Samtök iðnaðarins hafa eingöngu aðgang að niðurstöðum könnunarinnar.

Hver þátttakandi veit ekki um nöfn eða þátttöku annarra. Ógjörningur er að lesa út úr töflunum með nokkurri vissu nöfn ein-

stakra félagsmanna þótt þátttaka þeirra yrði einhverjum kunn.

Niðurstöður eru settar þannig fram að þátttakendur fá ekki vitneskju um nöfn einstaklinga eða fyrirtækja innan hópsins.

Öll gögn eru geymd í traustum og læstum hirslum. Aðeins einn starfsmaður Viðskiptaráðgjafar IBM hefur aðgang að frumgögnum.

Félag bóka-gerðarmanna og Samtök iðnaðarins skuldbinda sig á sama hátt og Viðskiptaráðgjöf IBM að halda fullan trúnað um alla þætti er varða könnunina.

Laun fyrir marsmánuð 2003 voru lögð til grundvallar ásamt árslaunum fyrir árið 2002. Greindar voru launaupplýsingar starfsmanna í Félagi bóka-gerðarmanna að undanskildum verkstjórum, millistjórnendum og nemum. Upplýsingar bárust frá 14 fyrirtækjum um laun 335 starfsmanna í prentiðnaði. Í skýrslunni eru upplýsingar um föst laun (föst mánaðarlaun) og heildarlaun fyrir mars 2003, ásamt upplýsingum um árslaun árið 2002. Niðurstöður eru greindar eftir starfsheiti, kyni, vaktafyrirkomulagi, starfsaldri og aldri.

Athygli er vakin á því að launaupplýsingar

ingar bárust aðeins fyrir um 50% þeirra félagsmanna sem sóst var eftir að fá upplýsingar um. Vegna þessa og þess að ólíkur hópur fyrirtækja hefur sent inn upplýsingar milli ára er ekki gerlegt að bera saman launatölur milli ára. Tölurnar eru ósamþærilegar og slíkur samanburður er ekki raunhæfur. Ennfremur þarf að hafa í huga að úrtakið er aðeins um helmingur starfsmannahópsins og því gefa niðurstöður aðeins vísbendingar um raunverulega launaupbyggingu hópsins og þær verður að túlka með fyrirvara.

Það verður að segjast eins og er að lítil þátttaka fyrirtækja í prenti í launakönnuninni er áhyggjuefni en menn eru almennt sammála um að könnun af þessu tagi sé til hagsbóta fyrir alla, bæði atvinnurekendur og launþega. Þess er vænst að þátttaka í næstu könnun verði meiri en nú.

Heildarniðurstöður könnunarinnar má nálgast á vefsetri Samtaka iðnaðarins [www.si.is](http://www.si.is).

Haraldur Dean Nelson



Samtök iðnaðarins

## Nýir félagsmenn SI

ISS Ísland ehf.

Ármúla 40

108 Reykjavík

Starfsemi: Ræstingar og þrif og

fjölbreytt þjónusta við

fasteignaeigendur

Rannsóknarþjónustan Sýni ehf.

Lyngháls 3

110 Reykjavík

Starfsemi: Líftækni iðnaður

Héraðsverk ehf.

Miðási 19

700 Egilsstaðir

Starfsemi: Jarðvinnuverktaki

## Titlum fjölgar um 11%

- Prentstaður íslenskra bóka -

Niðurstöður könnunar Bókasambands Íslands um prentstað íslenskra bóka, sem birtur í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2003, sýna m.a. að útgáfutitlum hefur fjölgað um 11% frá síðasta ári, eru 539 nú en voru 479 í fyrra. Hlutfall prentunar hérlandis dregst hins vegar saman nú um 5% en hún jókst um 5,1% á síðasta ári.

Hlutfall prentunar innanlands og erlendis var skoðað eftir flokkum. Eftirfarandi niðurstöður eru úr þeim samanburði:

Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 142; 44 (31%) prentaðar á Íslandi og 98 (69%) prentaðar erlendis.

Skáldverk, íslensk og þýdd og ljóð, eru 92; 54 (58,7%) prentaðar á Íslandi og 38 (41,3%) prentaðar erlendis.

Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 189; 152 (80,4%) eru prentaðar á Íslandi og 37 (19,6%) prentaðar erlendis.

Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 116; 82 (70,7%) prentaðar á Íslandi og 34 (29,3%) prentaðar erlendis.

Það eru vissulega gleðitíðindi að bókatitlum skuli fara fjölgandi á ný en hins vegar nokkurt áhyggjuefni að prentun hérlandis skuli dragast saman.

Sjá nánar á vefsetri SI, [www.si.is/prent](http://www.si.is/prent)

Haraldur Dean Nelson

## - 75 ára - Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi

Hinn 17. desember sl. varð Meistara-félag byggingamanna á Norðurlandi 75 ára en forveri þess, Byggingameist-arafélag Akureyrar, var stofnað sama dag árið 1928.

Starfsemi Byggingameistarafélagsins fór hægt af stað, a.m.k. eru fáir stjórnarfundir bókaðir frá stofnun þess og fram til ársins 1943 en eftir það starfar félagið nær óslitið.

Árið 1974 var nafni félagsins breytt í Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi en þá gengu í félagið málara- og pípu- og lagningameistarar en áður höfðu félagsmenn aðeins verið úr röðum húsa-smíða- og múrarameistara. Starfssvæði félagsins var skilgreint sem allt Eyjafjarðarsvæðið.

Árið 1997 voru þrjú félög byggingameistara, Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi eystra, Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi vestra og Meist-

arafélag byggingamanna á Norðurlandi sameinuð í eitt undir nafni hins síðastnefnda.

Í tilefni afmælisins var efnt til hófs í fundarsal félagsins að Strandgötu 29. Þar var einum félagsmanni, Sigurði Sigurðssyni framkvæmdastjóra SS Byggis ehf., veitt viðurkenning fyrir áræði og dugnað í starfi. Þá voru Héraðsskjalasafninu á Akureyri afhentar til varðveislu allar eldri gerðabækur félagsins. Talsverð leit hafði verið gerð að fyrstu fundargerðabók þess en fyrir nokkrum árum færði Ingvar Helgason, kaupmaður, félaginu bókina en hún fannst í húsi hans Vonarlandi við Sogaveg í Reykjavík og hafði líklega ratað þangað með fyrrum ritara félagsins um 1960.


Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, flutti félaginu kveðjur Samtakanna og færði því skjávarpa að gjöf.

Ásgeir Magnússon



Stefán Jónsson formaður félagsins t.h. afhendir Sigurði Sigurðssyni viðurkenninguna

## Kaka ársins 2004



## Sala hafin á Köku ársins

Landssamband bakameistara stóð fyrir keppni um Köku ársins 2004 meðal félagsmanna sinna og starfsmanna í byrjun janúar. Keppnin fer þannig fram að bakarar skila inn kökum til keppinnar og úr þeim er valin ein sem hlýtur nafnbótina Kaka ársins.



Eftir að úrslit liggja fyrir er uppskriftinni ásamt leiðbeiningum um gerð kökunnar dreift til allra bakaríá í Landssambandi bakameistara sem þurfa að prófa hana áður en hægt er að hefja sölu. Þess vegna líða alltaf nokkrar vikur frá því að keppnin er haldin og þar til kakan er kynnt samtímis í öllum bakararíum.

Höfundur sigurkökunnar í ár er Ásgeir Sandholt, starfsmaður Sandholts ehf. á Laugavegi. Sigurkakan er glæsileg súkkulaði-kaka með eplafyllingu sem gengur undir nafninu Original Venezuela. Sala köku ársins 2004 hófst 14. febrúar sem er Valentínusarmessa. Kakan er tilvalin gjöf til ástvina á þeim degi og ekki síður hentug gjöf handa eiginkonunni á konudaginn 22. febrúar.

Ragnheiður Héðinsdóttir



## Útboðsþing 2004:

# Verklegar framkvæmdir fyrir um 54 milljarða króna

Á annað hundrað gestir sóttu árlegt Útboðsþing Samtaka iðnaðarins og Félagsvinnuvélaeigenda sem haldið var föstudaginn 30. janúar á Hótel Loftleiðum. Þar var kynnt yfirlit yfir öll helstu útboð verklegra framkvæmda á vegum ríkisins, Reykjavíkurborgar og Kópavogs á þessu ári. Ætla má að alls verði boðin út verkefni fyrir tæpa 54 milljarða á vegum þessara aðila á árinu.

Fundarstjóri var Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Hann sagði í ávarpi sínu að tilgangur-inn með Útboðsþingi væri að fá yfirlit yfir helstu út-boð á árinu og þau sem ólókíð er frá síðasta ári á vegum 6 helstu verk-kaupa í mannvirkjagerð en þeir eru Landsvirkjun, Vegagerðin, Siglingastofnun, Framkvæmdasýslan, Reykjavíkurborg og Kópavogur. Sveinn bauð Þórolf Árnason, borgarstjóra, sérstaklega velkominn þar sem þetta væri hans fyrsta Útboðsþing og færði honum þakkar fyrir vaxandi og gott samstarf við SI og fyrir að innleiða góð vinnubrögð á útboðsmarkaði.

Framkvæmdasýslan, Reykjavíkurborg og Kópavogur. Sveinn bauð Þórolf Árnason, borgarstjóra, sérstaklega velkominn þar sem þetta væri hans fyrsta Útboðsþing og færði honum þakkar fyrir vaxandi og gott samstarf við SI og fyrir að innleiða góð vinnubrögð á útboðsmarkaði.

### Reykjavíkurborg

Borgarstjóri sagði að áætlað væri verja um 16,5 milljörðum króna í ýmis verkefni. Stærstu útgjaldaliðirnir eru vegna framkvæmda á vegum Orkuveitunnar eða 8 milljarðar króna á þessu ári og næstu tvö ár er ætlunin að verja tæpum tveimur milljörðum króna að auki í þann málaflokk. Þar af fara um þrjú milljarðar króna í Hellisheiðarvirkjun og 700 milljónir til að

stækka Nesjavallavirkjun. Til gatnamála fara tæplega 2,5 milljarðar, þar af um 900 milljónir til framkvæmda við fráveitu og um 1,5 milljarðar til skólabygginga. Í framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar fer um einn milljarður og um 840 milljónir til Íþrótt- og tómsundaráðs.

### Framkvæmdasýsla ríkisins



Framkvæmdasýsla ríkisins: Óskar Valdimarsson forstjóri



Óskar Valdimarsson, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, gat þess að verkefnamagn á vegum ríkisins næmi tæpum fjórum milljörðum króna á þessu ári. Þess ber þó að geta að framkvæmdir á vegum ríkisins sem falla undir orku- og samgöngugeira eru undanskildar. Að sögn Óskars munu verklegar framkvæmdir, sem boðnar verða út á vegum ríkisins, dragast saman um 30% frá áætlunum fyrir ári vegna framkvæmdanna á Austurlandi.

Á verkefnalista Menntamálaráðuneytis á þessu ári hefur útboð þegar farið fram fyrir um 1160 milljónir króna. Þar af fara 600 milljónir í viðbyggingu Fjölbautaskóla Suðurnesja og 300 milljónir í byggingu Íþróttahúss Fjölbautaskóla Suðurlands.

Á þessu ári verða boðin út verkefni fyrir röklega milljarð króna og þar af verður um 450 milljónum króna varið til að byggja við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið er stærsta framkvæmdaráðuneytið en til framkvæmda á þess vegum verða boðin út verkefni fyrir um 1740 milljónir króna. Þar af fara 800 milljónir króna í viðbyggingu dvalar- og hjúkrunarheimilisins Hlíðar á Akureyri. Á vegum fjármálaráðuneytis verður varið um 500 milljónum króna til viðhalds 145 fasteigna ríkissjóðs en það hefur, að sögn Óskars, setið á hakanum í áratugi. Loks verður varið um 320 milljónum króna til snjóflóðavarna, þar af um 240 milljónum á Ísafirði á vegum umhverfisráðuneytisins.

Meðal verkefna sem nú eru í undirbúningi má nefna Tónlistar- og ráðstefnuhúsi í Reykjavík og stjórnsýslubyggingu á Keflavíkurflugvelli sem áætlað er að kosta muni sex- til sjöhundruð milljónir króna.



Siglingastofnun: Sigurður Áss Grétarsson forst.m. hafnasviðs



SIGLINGASTOFNUN

### Siglingastofnun

Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs, kynnti helstu framkvæmdir við hafnir og sjóvarnir á vegum stofnunarinnar. Unnið er að framkvæmdum við hafnir á um 30 stöðum á landinu. Verkefni varða einkum dýpkun, bryggju-gerð, gerð varnargerða og stálþilsrekstur. Áætlaður kostnaður á árinu vegna slíkra verkefna er alls um 2,3 milljarðar króna.




Landsvirkjun: Agnar Olsen fr.kv.stj. erkræði- og fr.kv.sviðs



### Landsvirkjun

Agnar Olsen, framkvæmdastjóri verkfræði- og framkvæmdasviðs, sagði að á síðasta ári hefðu framkvæmdir numið 14 milljörðum króna en í ár yrðu boðnar út framkvæmdir fyrir 21 milljarð króna og heldur meira á næsta ári en svo tæki að draga úr þeim. Fjárfesting Landsvirkjunar í nýframkvæmdum á árunum 2003 til 2008 nemur alls um 90 milljörðum króna þegar allt er talið. Útboðsáætlun á þessu ári og næsta miðast einkum við framkvæmdir við Kárahnjúka og Hellisheiðarvirkjun sem Landsvirkjun kemur að ásamt Orkuveitu Reykjavíkur. Kárahnjúkaverkefnið er langstærst og hefur þegar verið boðið út að mestu en enn er óboðið í 10 - 11 milljarða króna verkefni. Á þessu ári stendur einnig til að bjóða út ýmis verk tengd flutningsvirkjum vegna fyrirhugaðrar stækkunar Norðuráls.





Vegagerðin:  
Rögnvaldur Gunnars-  
son forsl.m. framkv.d.



### Vegagerðin

Rögnvaldur Gunnars-son, forstöðumaður framkvæmdadeildar, sagði að Vegagerðin hefði aldrei haft úr eins miklu fé að spila og á þessu ári eða um 13.3 milljörðum. Heildarfjárhæð verk-samninga á síðasta ári um 8,4 milljörðum króna. Nú er unnið að fjölmörgum verkefnum sem talsvert fé er bundið í að sögn Rögnvaldar.

Alls er áætlað að bjóða út verk á þessu ári fyrir um 7.2 milljarða króna.

Í máli Rögnvalds kom m.a. fram að stefnan sé að bjóða í auknum mæli út verkefni í viðhaldi og þjónustu og starfs-mönnum Vegagerðarinnar hafi því fækkað um 8% þar eð verkefni falla til annarra. Sum stór verkefni, sem boðin verða út árinu, verða unnin á þessu og næstu árum en þar á meðal eru Suðurstrandarvegur og breikkun Vesturlandsvegur. Í sumar stendur til að bjóða út um 800 milljóna króna verkefni sem tengist tvöföldun Reykjanesbrautar og í vor er fyrirhugað að bjóða út framkvæmd við færslu Hringbrautar í Reykjavík. Það verkefni mun kosta hálfan annan milljarð þegar upp verður staðið en kostnaður skiptist milli Vegagerðarinnar og Orkuveitunnar.



Kópavogsbær:  
Gunnar Birgisson  
formaður bæjarráðs



KÓPAVOGSBÆR

### Kópavogsbær

Gunnar Birgisson, formaður bæjarráðs, kynnti nýframkvæmdir sem flestar verða boðnar verða út næstu mánuði. Kostnaður við þær nemur samtals rúmlega 2,5 milljörðum króna sem er svipað og á síðasta ári. Þar af eru útgjöld til gatnakerfis langmest eða um einn milljarður króna.

Um 300 milljónir fara til framkvæmda við Vatnssenda og Kóra eða um 300 milljónir og nokkuð á þriðja hundrað milljónir króna í Arnarnesveg sem verður samstarfsverkefni með Vegagerðinni. Kostnaður vegna framkvæmda við skólahúsnæði er áætlaður um 350 milljónir sem er tiltölulega lítið að sögn Gunnars enda hefur bærinn lagt mikið fé í skólabýggingar undanfarin ár. Þar af er gert ráð fyrir 150 milljónum til framkvæmda við Hjallaskóla sem er langstærsta verkefnið af því tagi. Til íþrótt-



mannvirkja er gert ráð fyrir að verja hátt í 600 milljónum króna og þar af fara 400 milljónir króna í nýja íþróttamiðstöð í Sala-hverfi. Í yfirbyggingu Kópavogsgjár verður varið um 120 milljónum króna en kostnaður við það verk verður u.þ.b. 250 milljónir að sögn Gunnars þegar upp er staðið en framkvæmdum við gjána á að ljúka á næsta ári.

Þá hyggst Kópavogsbær koma sér upp eigin vatnsveitu í Vatnendakrika en bærinn hefur til þessa keypt vatn af Reykjavíkurborg á afarkjörum, eins og Gunnar orðaði það. Kostnaður við vatnsveituna fullbúna verður fjögur til fimm hundruð

milljónir króna en á þessu ári verða boðnar út framkvæmdir fyrir um 200 milljónir króna. Að lokum gat Gunnar Birgisson þess að framkvæmdir við Bryggjuhverfið hæfust á næsta ári.

Nánari upplýsingar veitir Árni Jóhannsson og Eyjólfur Bjarnason hjá SI.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Að þinginu loknu bauð Félag vinnu-vélaeigenda til hófs í tilefni af fimmtíu ára afmæli sínu.



# IÐNÞING 2004

Dagskrá

Stjórn Samtaka iðnaðarins  
boðar til Iðnþings 2004  
föstudaginn 12. mars nk.  
Þingið verður haldið í Versölum, samko-  
musal í Húsi iðnaðarins að Hallveigarstíg  
1.

10:00  
Afhending fundargagna

10:10  
Hefðbundin aðalfundarstörf

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
  2. Ársreikningar Samtaka iðnaðarins
  3. Tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun næsta árs
  4. Lagabreytingar
  5. Lýst kjöri formanns og meðstjórnenda
  6. Kjör í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins
  7. Kosning löggilts endurskoðanda
  8. Kosning kjörstjóra og aðstoðarmanna hans
  9. Önnur mál:
    - Kynntar helstu niðurstöður kannana um ástand og horfur í iðnaði og Evrópumál og fleira
    - Almennar umræður
- Ályktun Iðnþings

Minum félagsmenn á árshóf  
Samtaka iðnaðarins

sem verður í Versölum að kvöldi Iðnþings. Miðapantanir hjá þóru Ólafsdóttur í síma 591 0100, netfang thora@si.is

12:00 **Opin dagskrá**  
Hádegisverður í boði Samtaka iðnaðarins



Ræða formanns,  
Vilmundar Józefssonar



Ræða iðnaðarráðherra,  
Valgerðar Sverrisdóttur

14:15 **Áratugur breytinga**  
- EES samningurinn 10 ára -



Frjáls för vinnuafis - breytingar  
á vinnumarkaði  
Árni Magnússon,  
félagsmálaráðherra



Fjárfestingar og fjármagns-  
flutningar  
Bjarni Ármannsson,  
forstjóri Íslandsbanka hf.



Staða smárikja í  
Evrópusamstarfi  
Einar Páll Tamimi,  
lektor við Háskólann í Reykavík  
og forstöðumaður  
Evrópuréttarstofnunar HR

16:00 Iðnþingi slitið



Samtök iðnaðarins

Sterkur bakhjarl íslensks iðnaðar í 10 ár